

**Nr. 21-071 S 048 Drangavík VE 80****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2048 IMO 8812045  
Smíðaður: Portúgal 1991, stál  
Útgerð: Vinnslustöðin hf  
Stærð: 356,5 BT  
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m  
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m  
Vél: Deutz 465 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 10



Drangavík © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. júlí 2021 var Drangavík VE 80 á togveiðum á SV miðum. Veður: SA 6-7 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið þegar smurolíurör við aðalvélinu brotnaði og smurolían dældist af aðalvélinni með þeim afleiðingum að hún festist. Óskað var eftir aðstoð og Brynjólfur VE 3 dró Drangavík til hafnar í Vestmannaeyjum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vakthafandi vélstjóri var upp í brú að stjórna spilbúnaði þegar atvikið gerðist;
- að smurolíurör sem lá að utanálíggjandi smurolíuskilvindu (þeytivindu) brotnaði í sundur og smurolían dældist af vélinni;
- að hringrásarsmurolían var í sveifarhúsinu þar sem var viðvörðun fyrir of lága olíuhæð fór í gang þegar smurolían var að tæmast;
- að aðalvélin var með smurolíukælda stimpla sem rifu sig þegar smurolíuþrýstingurinn féll;
- að eftir atvikið var aðalvélin gerð upp með nýjum varahlutum og vaktkerfi vélarúms yfirfarið.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð.